

Vegabréf á vinnumarkaði

Þetta vegabréf er fyrir ungt fólk í atvinnulífinu. Venjulega þarf að sýna vegabréf á landamærum framandi landa, en vegabréfi á vinnumarkaði er hins vegar ætlað að vera leiðarvísir þinn inn á vinnumarkaðinn¹.

Þegar þú ræður þig í vinnu nýtur þú ákveðinna kjara sem samið hefur verið um í kjarasamningum milli stéttarfélaga og atvinnurekenda. Í sumum tilfellum gilda landslög.

Í vegabréfi á vinnumarkaði getur þú lesið þér til um helstu réttindi þín á vinnumarkaði Einnig koma fram upplýsingar um hvar hægt er að leita frekari svara við algengum spurningum sem kunna að vakna þegar þú tekur þín fyrstu skref á vinnumarkaðinum. Við hvetjum þig eindregið til að afla þér frekari upplýsinga um réttindi þín.

Með þessu vegabréfi, sem á að leiðbeina þér varðandi réttindi þín á vinnumarkaði, býður verkalýðshreyfingin þig velkominn/na í hópinn og heitir þér liðsinni sínu í daglegu starfi þínu og væntir einnig þátttöku þinnar í félagslegu starfi hreyfingarinnar.

¹ Gefið út af VMSÍ í apríl 1998 í 5000 eintökum

Efnisyfirlit

Vegabréf á vinnumarkaði	i
Efnisyfirlit	ii
Ungt fólk á vinnumarkaði.....	1
Kjarasamningar.....	1
Stéttarfélagið þitt.....	1
Til hvers eru stéttarfélög?	2
Félagsgjald.....	2
Hvernig verður maður félagi?.....	3
Stjórnun stéttarféлага	3
Verktakar	3
Að sækja um vinnu.....	4
Að hefja starfsferil	4
Ráðningarsamningur.....	4
Launaseðlar.....	5
Orlof	5
Lífeyrissjóðsgreiðslur	5
Fyrirmyndar launaseðill.....	6
Laun vegna veikinda og slysa.....	6
Öryggismál.....	7
Til að varast slys á vinnustað	7
Jafnaðarkaup	7
Menntun.....	7
Uppsagnarfrestur	8
Hvert á að leita eftir upplýsingum?	9
Verkamannasamband Íslands	9
Verkalýðsfélög	9
Alþýðusamband Íslands.....	9
Nokkur gagnleg símanúmer o.fl.	10
Trúnaðarmenn.....	10
Vinna barna og unglinga.....	10
Minnislisti.....	11
Launaseðillinn	11
Vinnan	11
Stéttarfélagið.....	11
Myndaskrá	12
Töfluskrá	13

Ungt fólk á vinnumarkaði

Það gerist ósjaldan þegar ungt fólk fær í hendurnar sinn fyrsta launaseðil að það skilur hvorki upp né niður í honum. Á launaseðlinum koma fram margvíslegar upplýsingar, sem erfitt getur verið að átta sig á.

Einstaka sinnum kemur það líka fyrir að fólk sem ræður sig til vinnu fær ekki það sem því ber samkvæmt lögum og kjarasamningum. Reynslan sýnir að megin ástæðan fyrir slíkum brotum er oftast nær vanþekking atvinnurekenda og launamanna á réttindum launafólks.

Með útgáfu þessa bæklinga vilja starfsmenn verkalýðshreyfingarinnar² leggja sitt að mörkum til þess að ráða bót á þessum atriðum. Vonandi getur þú, eftir að hafa lesið bæklinginn, gert þér betur grein fyrir réttindum þínum hvort heldur þú ert í sumarvinnu, aukavinnu eða fullu starfi.

Kjarasamningar

Á vinnumarkaði eru í gildi ýmis lög og kjarasamningar um kaup og kjör. Þar er að finna ákvæði um réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda. Í þeim er til dæmis fjallað um vinnutíma, laun kaffi- og matartíma og réttinn til launa verði maður óvinnufær vegna veikinda eða slysa. Ennfremur er þar að finna ákvæði um réttindi til launa í fríum, uppsagnarfrest og fjölmörg önnur atriði. Lög sem geta haft áhrif á kjör ungs fólks eru margvísleg m.a. lög sem fjalla um vinnu barna og unglinga, sem er ætlað að vernda ungt fólk fyrir erfiðum og hættulegum störfum.

Hér á eftir verður komið inn á helstu réttindi þín á vinnumarkaði, en þó er útilokað að koma inn á öll atriði, sem skipta máli.

ATHUGAÐU: Ef þú ert í minnsta vafa um réttindi þín skaltu ekki hika við að leita eftir upplýsingum.

Stéttarfélagið þitt

Veist þú í hvaða stéttarfélagi þú ert? Það er mikilvægt fyrir þig að vita í hvaða stéttarfélag sér um hagsmunamál þín. Ef þú veist ekki í hvaða stéttarfélagi þú ert, vertu þá óhrædd(ur) við að spyrja til hvaða verkalýðsfélags þú greiðir. Það tryggir hagsmuni þína.

² Unnið af starfsfólki Menningar- og fræðslusambands alþýðu, Alþýðusambands Íslands og Verkamannasambands Íslands.

Til hvers eru stéttarfélög?

Stéttarfélög hafa bein og óbein áhrif á líf og afkomu þjóðarinnar allrar. Mest eru áhrif almennra kjarasamninga. Samkvæmt landslögum má ekki ráða nokkurn mann til vinnu fyrir lakari laun eða verri kjör en kveðið er á um í kjarasamningi stéttarfélags vegna þeirrar vinnu. Helsta verkefni stéttarféлага er að verja réttindi launafólks í landinu. Gerð kjarasamninga um kaup og kjör almennt er jafnframt eitt helsta viðfangsefni stéttarféлага. Auk samningsgerðar og hagsmunagæslu fyrir launafólk hafa verkalýðsfélög á sinni hendi mjög fjölbreytta starfsemi. Verkalýðsfélög starfrækja sjúkra- og styrktarsjóði og bjóða t.d. upp á margháttað tómtunda-, fræðslu- og félagstarf

Það er ávinningur bæði fyrir þig og stéttarfélagið að þú gerist félagsmaður. Ef stéttarfélög eru stór og öflug geta þau sinnt hlutverki sínu enn betur.



Mynd 1 Aðildarfélögin eru um allt land

Aðildarfélög Verkamannasambands Íslands eru vítt og breitt um landið og er því sennilega eitt stéttarfélag í þinni heimabyggð.

Félagsgjald

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekanda að hala eftir iðgjaldi til stéttarfélags. Félagsgjald er hlutfall af launum og kemur fram á launaseðli. Félagsgjaldið er notað á margvíslegan hátt við að huga að hagsmunum og réttindum launafólks s.s. við gerð kjarasamninga, neytendamál og fræðslumál.

Stéttarfélögin bjóða félagsmönnum sínum einnig upp á margvíslega þjónustu, s.s. lögfræðiaðstoð og dvöl í orlofshúsum. Í flestum tilfellum hafa stéttarfélög opna skrifstofu, þar sem upplýsingar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði eru veittar.

Hvernig verður maður félagi?

Þó félagsgjald sé greitt þýðir það ekki að maður sé orðinn fullgildur félagsmaður í viðkomandi stéttarfélagi. Til þess þarf að sækja formlega um aðild að stéttarfélaginu. Slíkt þýðir þó ekki aukakostnað því maður hefur þegar borgað félagsgjaldið.

Fullgildur félagsmaður á rétt á allri þjónustu sem stéttarfélagið veitir, s.s. aðgang að styrktar-, sjúkra- og fræðslusjóðum, sem félagsmenn geta sótt um styrki úr samkvæmt reglum sjóðanna. Einnig eiga fullgildir félagsmenn möguleika á því að hafa full áhrif á félagsstarfið miðað við þær reglur sem settar eru um lýðræðisleg félagsstörf.

Stjórnun stéttarfélaga

Stéttarfélag hefur stjórn, sem félagsmenn kjósa. Stjórnin hefur forystu fyrir starfi félagsins. Stéttarfélög halda félagsfundum sem eru opnir öllum félagsmönnum. Á félagsfundum fá félagsmenn tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og taka þátt í ákvörðunum með því að greiða atkvæði.

Verktakar

Því miður eru verktakasamningar að verða æ algengara form á vinnu. Athugaðu að verktakar njóta ekki þeirrar verndar sem lög og kjarasamningar tryggja launafólki, s.s. varðandi orlof, uppsagnarrétt, laun í veikindum og vegna slysa. Varastu verktakasamninga, þeir eru í langflestum tilvikum óhagstæðir launafólki.



Mynd 2 Engu að treysta

Að sækja um vinnu

Þegar sótt er um vinnu er rétt að spyrja um nokkur meginatriði. Til dæmis hvaða störfum þér sé ætlað að sinna, hvenær vinnudagur hefst og hvenær honum lýkur. Ennfremur hvort yfirvinna er að jafnaði unnin eða aðeins þegar sérstaklega stendur á. Og svo þarft þú náttúrulega að vita eftir hvaða kauptaxta er greitt fyrir dagvinnu, yfirvinnu, helgidagavinnu og stórhátíðavinnu.

Þegar þú hefur fengið upplýsingar um kaupíð þá skalt þú spyrjast fyrir um eftir hvaða kjarasamningi er farið varðandi önnur kjör. Þegar talað er um önnur kjör en kaupíð, þá er átt við orlof, veikindarétt, kaffi- og matartíma, uppsagnarfrest o.s.frv.

Að hefja starfsferil

Starfið er stór hluti af lífi fullorðinna. Það er því mikilvægt skref sem ung manneskja er að stíga, þegar hún byrjar feril sinn á vinnumarkaði. Miklu máli skiptir upp á seinni tíma að standa sig vel. Það eykur líkurnar á því að þér verði boðin vinna aftur á sama vinnustað. Þú átt möguleika á að biðja um meðmæli, sem eykur líkurnar á því að þú fái starf annars staðar. Jafnframt er gott að venja sig strax á vönduð vinnubrögð, því að það kann að leggja grunninn að farsælum starfsferli á fullorðinsárum.

Ef þú ert í sumarvinnu getur verið snjallt fyrir þig að kanna möguleikann á því að fá vinnu á sama stað næsta sumar, þegar þú hættir að hausti.

Ráðningarsamningur

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga er gert ráð fyrir að allir nýir starfsmenn skuli fá kjör sín staðfest skriflega. Þar þarf að koma fram ráðningartími og eftir hvaða kjarasamningi kaup og kjör eiga að fara. Mikið öryggi felst í því að hafa undir höndum skriflega staðfestingu ráðningar.

Ungt fólk í sumarvinnu gerir oftast ráðningarsamning til ákveðins tíma. Stundum eru þó gerðir samningar um vinnu við tiltekin verk. Nákvæmur tími verkloka er þó oft óljós. Ráðningarsamningurinn fjallar þá um hvenær þú hófst störf og er í gildi frá þeim tíma og þar til verkinu er lokið - hvenær svo sem það verður.

Á skrifstofu stéttarfélags þíns er hægt að fá frekari upplýsingar um gerð skriflegra ráðningarsamninga og líka sérstök eyðublöð til gerðar slíkra samninga.

Launaseðlar

Öllum launagreiðslum skal fylgja sundurliðun launa og frádráttarliða. Greiðsluna skal sundurliða í dagvinnu, yfirvinnu og stórhátíðarvinnu. Sé um bónus eða aðra kaupauka að ræða skal greiðsla fyrir það skilgreind sérstaklega. Allan frádrátt skal sundurliða, s.s. félagsgjald, lífeyrissjóðsgreiðslu, skatta, greidd meðlög og fæðisgjöld. Áunnið orlof skal sérgreint á launaseðli. Ef þú telur að launaseðill þinn sé ekki réttur hafðu þá samband við trúnaðarmann eða stéttarfélag.

Sjá fyrirmyndar launaseðil á bls 6.

Orlof

Allt launafólk á rétt á orlofi. Landslög og kjarasamningar tryggja þann rétt. Orlofsrétturinn skiptist annars vegar í rétt til leyfis frá störfum og hins vegar í rétt til launa þann tíma. Lágmarksfrí er tveir dagar fyrir hvern unnin mánuð en lágmarkslaun 10,17% af öllum tekjum. Frekari upplýsingar færðu hjá trúnaðarmanni eða verkalýðsfélagi.

Lífeyrissjóðsgreiðslur

Réttur þinn til öruggrar afkomu í framtíðinni er einn af hornsteinum okkar samfélags. Með lífeyrissjóðnum leggjum við grunninn að fjárhagslegu öryggi okkar allra, alla ævi. Öllum 16 ára og eldri, er skylt að greiða til lífeyrissjóðs af öllum launum sínum. Iðgjöld launafólks til lífeyrissjóðs eru 4% af launum og á upphæð greiðslu að koma fram á launaseðli. Mótframlag atvinnurekandans er 6% en sú upphæð er ekki framtalin á launaseðli.

Með iðgjaldi í lífeyrissjóð öðlast þú mikilsverð réttindi. Sjóðurinn tryggir þér ellilífeyri eftir að þú hefur lokið störfum og allt til æviloka. Samtrygging og þátttaka allra gerir það að verkum að einnig er hægt að greiða örorkulífeyri þeim sem verða fyrir áföllum af völdum sjúkdóma og slysa og ef fyrirvinnan deyr þá fá maki og börn líka greiddan lífeyri.

Athugaðu að á hverju ári átt þú að fá sent frá lífeyrissjóðnum yfirlit um áunnin réttindi. Fáir þú ekki yfirlit eða ef launaseðlum ber ekki saman við yfirlitið þá skaltu hafa samband við viðkomandi lífeyrissjóð sem allra fyrst. Við vanskil á greiðslum gjalda í lífeyrissjóð er hætta á að dýrmæt réttindi tapist. Þar á meðal má nefna:

Ellilífeyri – Makalífeyri – Barnalífeyri – Örorkulífeyri

Fyrirmyndar launaseðill

Launaseðill Fiskvinnslan hf Kt. 121212-9999 Jón Jónsson Verkalýðsgötu 1 Kt. 0110182-9999			Launatímabil: 1. júní – 14. júní 2002	
			Heildarlaun	70.634
			Frádráttur	9.995
			Útborguð laun	60.639
	Tímar/Einingar	Taxti	Laun	Frá áramótum
Dagvinna	80,0	439,70	35.176	55.919
Yfirvinna	21,5	791,48	17.017	27.150
Bónus (Premía)	101,5	112,00	11.368	21.616
Annað	101,5	6,00	609	1.166
			64.170	105.851
Orlof lagt á orlofsreikning		10,17 %	6.464	10.646
Félagsgjald	1,00 %		706	1.165
Lífeyrissjóður	4,00 %		2.825	4.660
Staðgreiðsla skatta	38,76 %	26.283		43.348
Persónuafsláttur	25.245	11.781		111.259
Greiddur skattur			0	
Uppsafnaður hvíldartími				

Tafla 1 Launaseðill

Laun vegna veikinda og slysa

Strax á fyrsta vinnudegi á maður rétt til dagvinnulauna vegna vinnuslysa í allt að þrjá mánuði. Þetta köllum við vinnuslysalaun. Vinnuslys eru slys sem verða við vinnu eða á beinni leið milli heimilis og vinnustaðar.



Þegar maður byrjar vinnu á maður ekki rétt til launa í veikindum og heldur ekki vegna slysa utan vinnu. Þann rétt öðlast maður ekki fyrr en eftir að hafa unnið í einn mánuð. Þá á maður rétt til óskertra launa í tvo daga. Síðan bætast tveir dagar við fyrir hvern unninn mánuð.

Laun sem við fáum vegna veikinda eða slysa utan vinnu köllum við veikindalaun.

Þó að þú sért ekki í fullu starfi, heldur hlutastarfi eða tímavinnu, þá vinnur þú þér líka inn rétt til veikindalauna í hlutfalli við tímana sem þú hefur unnið.

Ef þú verður fyrir vinnuslysi átt þú rétt á að fá áunnin veikindalaun áður en kemur til greiðslu vinnuslysalauna.

Dæmi:

Þeir sem hafa unnið í tvo mánuði og slasast í vinnu eiga rétt á óskertum launum í fjóra daga (veikindalaunum) og allt að þriggja mánaða dagvinnulaunum (vinnuslysalaunum).

Öryggismál

Öryggistrúnaðarmenn skulu kosnir á vinnustöðum, þar sem starfa fleiri en 10 manns. Þeir eiga að sjá til þess að lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum séu haldin og að fyrirmælum Vinnueftirlits sé framfylgt.

Til að varast slys á vinnustað

- Lærðu rétt vinnubrögð
- Kynntu þér leiðbeiningar um efni, vélar og áhöld sem unnið er með og farðu eftir þeim.
- Gakktu vel um, settu áhöld á sína staði, fjarlægðu það sem getur valdið því að einhver reki sig á eða hراسi, gættu þess að stæður eða einstakir hlutir geti ekki fallið á fólk.
- Veldu vinnuföt og skó með hliðsjón af öryggi.
- Notaðu öryggishlífar þar sem þörf krefur.
- Reyndu að ofþreyta þig ekki, því að þreyta sljóvgar dómgreind og eykur þannig slyshættu.
- Gerðu þitt til þess að atvinnurekandi tilkynni slys til Vinnueftirlits ríkisins og athugað verði hvort hægt sé að fyrirbyggja það að svipað slys endurtaki sig.

Hjá Vinnueftirliti ríkisins getur þú fengið allar upplýsingar um það hvernig aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum skal háttáð. Snúðu þér þangað ef þig vantar upplýsingar. Síminn 567-2500.

Jafnaðarkaup

Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum. Dæmi eru um að atvinnurekandi hafi samið við starfsmenn um greiðslu jafnaðarkaups. Ef þér er sagt að það sé viðhöfð venja hjá fyrirtækinu að greiða mönnum jafnaðarkaup, þá skalt þú fá forsendur útreikninga og bera þær undir stéttarfélag þitt. Reynsla okkar sýnir að oftar en ekki eru forsendur útreikninga rangar.

Menntun

Verkamannasamband Íslands telur nauðsynlegt að minna allt ungt fólk á mikilvægi menntunar. Aukin hagsæld, atavinna og bætt líf skjör fólks munu í ríkara mæli byggjast á vel menntuðu vinnuaflí. Í dag er allt of stór hópur ungs fólks sem hættir námi strax eftir grunnskóla.

Ertu að spá í að hætta í skóla? Hugsaðu þig tvisvar um því kostir menntunar eru ótvíræðir.

Menntun þýðir:

- Aukið atvinnuöryggi.
- Möguleikar á skemmtilegu og góðu starfi.
- Betri laun.
- Aukið sjálfsöryggi.

- Meiri áhrif.
- Aukin lífsánægja, að því að þú átt eftir að sjá eftir því alla þína ævi ef þú menntar þig ekki.

Uppsagnarfrestur

Uppsagnarréttur er gagnkvæmur. Það þýðir að þú átt sama rétt til að segja upp starfi og atvinnurekandinn að segja þér upp. Bæði þú og atvinnurekandinn verðið að fara eftir lögum og kjarasamningum. Löggin greina frá lágmarksréttindum, en í kjarasamningum geta verið betri réttindi.

Þegar um uppsögn er að ræða er einkum tvennt sem huga þarf að, annars vegar aðferðinni við að segja upp og hins vegar frestinum þar til uppsögn tekur gildi.

Uppsögn skal vera skrifleg. Á fyrsta mánuði er enginn uppsagnarfrestur. Að því liðnu er uppsagnarfrestur ein vika. Uppsögnina skal þá miða við vikumót. Aðrar reglur gilda um fólk sem fær útborgað mánaðarlega, það hefur frá upphafi eins mánaðar uppsagnarfrest, nema um annað sé samið. Uppsagnarfrestur lengist eftir því sem þú hefur verið lengur í starfi. Kynntu þér reglur um uppsögn og uppsagnarfrest í kjarasamningi eða hjá stéttarfélagi.



Mynd 3 Hvar er dómarrinn?

Hvert á að leita eftir upplýsingum?

Verkamannasamband Íslands

Verkamannasamband Íslands er landsamband tæplega 50 verkalyðsfélag sem eru vítt og breitt um landið. Á skrifstofu sambandsins getur þú fengið upplýsingar um hvaða stéttarfélag gætir hagsmuna þinna. Á skrifstofu VMSÍ fer fram margvísleg starfsemi sem felur m.a. í sér aðstoð við aðildarfélög, gerð kjarasamninga og hagræðingarstarfsemi.

Verkamannasamband Íslands hefur yfir að ráða sérfræðingum sem geta veitt upplýsingar um margvísleg málefni launafólks sem og túlkanir á ákvæðum kjarasamninga. Á skrifstofu VMSÍ er einnig hægt að fá lögfræðiupplýsingar ef þess gerist þörf.

Verkalyðsfélög

Eins og margoft hefur komið fram í þessu vegabréfi eru aðildarfélög VMSÍ ávallt reiðubúin til að veita launafólki upplýsingar um réttindi og skyldur launafólks á vinnumarkaði.

Mundu að ef þú ert í einhverjum vafa um réttindi þín eða skyldur hafðu þá samband við starfsfólk stéttarfélags þíns. Það mun eftir bestu getu leiðbeina þér og aðstoða.

Athugaðu! Starfsmenn stéttarfélaga eru bundnir þagnarskyldu.

Alþýðusamband Íslands

ASÍ eru stærstu hagsmunasamtök launafólks með tæplega 70.000 félagsmenn úr 130 stéttarfélögum. Samkvæmt skipulagi ASÍ skulu stéttarfélögin mynda sambönd eftir atvinnugreinum.

Alþýðusamband Íslands hefur opna skrifstofu og þar er einnig hægt að leita upplýsinga um allt sem viðkemur hagsmunum launafólks, s.s. atvinnumál, kjaramál, velferðarmál, húsnæðismál, verðlagsmál og jafnréttismál. Á skrifstofu ASÍ starfa nokkrir sérfræðingar, m.a. lögfræðingur, hagfræðingar, vinnumarkaðsfræðingar og hagræðingur sem hægt er að leita til ef þörf þykir.

Samkvæmt skipulagi ASÍ skulu stéttarfélögin mynda sambönd eftir atvinnugreinum. Á skrifstofum þessara sambanda er hægt að fá upplýsingar um hvaða félag gætir hagsmuna þeirra sem stunda tiltekna vinnu. Auk þess eru þar veittar upplýsingar úr kjarasamningum og lögfræðiaðstoð ef þess er þörf. Hér á eftir fer listi yfir símanúmer á skrifstofum þeirra.

Nokkur gagnleg símanúmer o.fl.

Verkamannasamband Íslands.....	562-6410
Landssamband Iðnverkafólks	562-6620
Landssamband íslenskra verslunarmanna.....	588-1300
Sjómannasamband Íslands	561-0769
Alþýðusamband Íslands	581-3044
Alþýðusamband Vestfjarða.....	456-5190
Alþýðusamband Norðurlands	462-3506
Alþýðusamband Austurlands	476-1567
Alþýðusamband Suðurlands	482-2140

Trúnaðarmenn

Á hverjum vinnustað þar sem fimm starfsmenn eða fleiri starfa, á að vera trúnaðarmaður stéttarfélags sem þú getur fengið upplýsingar hjá. Athugaðu að spyrja eftir trúnaðarmanni þegar þú kemur í fyrsta sinn á vinnustað. Trúnaðarmaður hefur allar upplýsingar um réttindi og skyldur starfsmanna.

Trúnaðarmaður á að sjá til þess að lög og kjarasamningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

ATHUGAÐU! Ef þú ert í vafa um réttindi þín, er oft best fyrir þig að byrja á því að tala við trúnaðarmann þinn á vinnustaðnum.

Vinna barna og unglunga

Ertu 15-17 ára? Þá máttu vinna flest öll störf sem til falla, fyrir utan störf sem eru beinlínis hættuleg og ofbjóða líkamlegu eða andlegu atgerfi þínu. Þannig máttu ekki starfa með hættuleg efni, né við hættulegar vélar.

Ertu 13-14 ára? Þá máttu einungis vinna létt og hættulaus störf s.s. létt garðyrkju- og þjónustustörf.

Ertu yngri en 13 ára? Þá máttu í raun ekki vinna! Þó eru nokkrar undantekningar frá þessari reglu. Þannig máttu vinna örfáa tíma á dag mjög létt störf s.s. við menningar-, list-, og íþróttaviðburði.

Við vinnu barna og unglunga skal þess ávallt gætt að stilla vinnutíma í hóf og er næturvinna stranglega bönnuð. Þá skal gefa frí í a.m.k. tvo daga í viku.

ATHUGAÐU! Fáðu frekari upplýsingar hjá verkalýðsfélaginu þínu um hversu mikið þú mátt vinna og hvað störf það eru sem þú mátt ekki sinna.

Minnislisti

Launaseðillinn

- Geymdu launaseðla. Með þeim getur þú sannað réttindi þín.
- Á launaseðlinum kemur m.a. fram hvaða kaup þú hefur, hvaða orlofsfé þú átt og hvað hefur verið dregið af þér í skatta, lífeyrissjóð, félagsgjöld.

Vinnan

- Gerðu skriflegan ráðningarsamning.
- Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Verktakar njóta ekki sama réttar og launafólk.
- Vönduð vinnubrögð leggja grunninn að farsælum starfsferli.
- Aukin menntun leiðir til meiri hæfni, atvinnuöryggis, hærri launa og lífsánægju.

Stéttarfélagið

- Það þarf að sækja skriflega um aðild að stéttarfélagi.
- Kjarasamningur stéttarfélagsins tryggir þér lágmarksrétt.
- Fyrir félagsgjaldið og greiðslur tengdar því færðu þjónustu frá stéttarfélaginu.
- Þú öðlast rétt til sjúkralauna frá stéttarfélaginu samkvæmt reglum þess.
- Þú öðlast rétt til að nota orlofshús stéttarfélagsins samkvæmt reglum þess.
- Þú öðlast rétt til að sækja námskeið á vegum stéttarfélaga samkvæmt reglum þess.
- Þú getur tekið þátt í félagslífi hjá stéttarfélaginu.

Myndaskrá

Mynd 1 Aðildarfélögin eru um allt land	2
Mynd 2 Engu að treysta	3
Mynd 3 Hvar er dómariinn?	8

Töfluskrá

Tafla 1 Launaseðill	6
---------------------------	---